

Nd. **46. Frumvarp til laga**
um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á Íslandi skal vera skóli, er hefir það hlutverk að búa menn undir að geta rækt
lyfjasveina- og lyfsalastörf, lyfjafræðingaskóli Íslands.

2. gr.

Skólanum stjórnar þriggja manna skólanefnd: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, og tveir menn, er ráðherra skipar, annan eftir tillögu læknadeildar háskólans, en hinn eftir sameiginlegri tillögu Lyfsalafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

Verði ágreiningur innan nefndarinnar, má leita úrskurðar ráðherra, og ætíð skal leita staðfestingar hans á ákvörðunum nefndarinnar, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir skólann fram yfir það, sem áður kann að hafa verið heimilað.

3. gr.

Forstöðumaður skólans skal vera kennarinn í lyfjafræði við háskólann.

4. gr.

Fyrst um sinn skal miða starfsemi skólans við það, að hann veiti nemendum verklega og bóklega fræðslu til fyrri hluta prófs í lyfjafræði (aðstoðarmannsprófs), enda ljúki þeir, að námi loknu, slíku prófi við skólann. Í því skyni skal ráðstafa nemendum til náms og starfa í lyfjabúðum landsins og semja um þau kjör, að lyfjabúðirnar beri kostnað af náminu, einnig að því leyti, sem það kann að vera sameiginlegt, svo og prófinu.

Stúdentspróf er skilyrði fyrir inntöku í skólann, og er heimilt að krefjast sérprófs í latínu af stærðfræðideildarstúdentum, og í stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði af máladeildarstúdentum.

Námstími til aðstoðarmannsprófs sé að jafnaði 3 ár.

Þangað til skólinn tekur upp kennslu til fullnaðarprófs í lyfjafræði, skal hann greiða fyrir nemendum sínum til framhaldsnáms erlendis við viðurkenndan lyfjafræðingaskóla, og er lyfjafræðingaskóla Íslands heimilt að gefa þeim skirteini sem fulllærðum lyfjafræðingum, er þeir hafa lagt fram skilríki sín fyrir því að hafa staðizt fullnaðarpróf við slíkan skóla, enda eiga þeir heimtingu á slíku skirteini, ef um fullnaðarpróf er að ræða frá lyfjafræðiskóla, er skólanefndin hefir vísað þeim á.

Að öðru leyti hagar skólinn starfsemi sinni samkvæmt reglugerð, er skólanefndin setur með aðstoð forstöðumanns og ráðherra staðfestir. Í reglugerðinni skal kveða nákvæmlega á um námsgreinir og alla tilhögun námsins, svo og um prófkvaðir, tilhögun prófa og einkunnir.

5. gr.

Þeir, sem hafa lokið aðstoðarmannsprófi við lyfjafræðingaskóla Íslands, skulu vera gildir til starfa sem sérfróðir aðstoðarmenn í lyfjabúðum hér á landi. Þeir, sem hafa skilríki frá skólanum sem fulllærðir lyfjafræðingar, skulu vera gildir til starfa sem lyfjasveinar og forstöðumenn lyfjabúða hér á landi.

Aðrir skulu ekki vera gildir til slíkra starfa, nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra eftir tillögum skólanefndar. Þetta ákvæði nær þó ekki til þeirra, sem náð hafa þessum réttindum og starfað samkvæmt þeim áður en lög þessi gengu í gildi.

Nemendur, sem byrjað hafa lyfjafræðináms hér á landi áður en lög þessi gengu í gildi, eftir þeim reglum, sem um það hafa gilt, skulu eiga rétt á inngöngu í skólann til framhaldsnáms þar. Afstaða skólans til þeirra, sem lokið hafa aðstoðarmannsprófi hér á landi áður en löggin gengu í gildi, skal og vera hin sama og til þeirra, sem lokið hafa því prófi við skólann.

6. gr.

Skólinn skal taka til starfa 1. október 1940.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkv. ósk félagsmálaráðherra, og hafa nefndarmenn óhundnar hendur um frv. í heild og einstakar greinar þess. — Frumvarpið hefir áður verið flutt af þm. N.-Ísf., og fylgdu því frá honum eftirfarandi athugasemdir:

Með lagasetningu þeirri, sem hér er fyrirhuguð, er stefnt að því, að komið verði opinberri skipun á nám þeirra manna, sem leggja vilja stund á lyfjafræði til þess að geta orðið aðstoðarmenn í lyfjabúðum hér á landi, lyfjasveinar eða lyfsalar. Nú um allmörg ár hafa íslenskir lyfsalar haft samtök um að búa menn undir fyrrihlutapróf í lyfjafræði (aðstoðarmannspróf). Er náminu komið þannig fyrir, að nemendurnir (stúdentar) starfa 3 ár í lyfjabúð, jafnframt því sem þeim er séð fyrir tilheyrandi bóklegri fræðslu, enda taka próf að náminu loknu. Þeir, sem vilja verða fullgildir lyfjafræðingar, verða síðan að leita á erlenda lyfjafræðingaskóla, og hefir samizt milli ríkisstjórnarinnar og lyfjafræðingaskólans í Kaupmannahöfn um, að hann veiti viðtöku á hvert námskeið sitt, er stendur tvö ár, tveimur Íslendingum, er hér hafa lokið aðstoðarmannsprófi. Hafa flestir notað sér þetta, en þó nokkrir leitað annað, og þá einkum til Þýskalands.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir, að fyrst um sinn verði breyting á þessari höfuðskipun námsins, en með lagasetningunni á þetta að vinnast:

1. Lagastoð fæst fyrir því, að sett verði opinber reglugerð um nánari tilhögun námsins undir aðstoðarmannspróf, inntökuskilyrði, hvernar þekkingar er krafizt, prófreglur, einkunnir o. s. frv.
2. Fræðsla þessi verður sett undir opinbera stjórn og eftirlit, og er ekki viðhlítandi, að öll tilhögun jafnþýðingarmikillar fræðslustarfsemi sé að öllu leyti í höndum einstaklinga.
3. Opinberu eftirliti verður komið við með því, hvert framhaldsnámsins er leitað, sem full þörf er á, því að lyfjafræðiskólar eru að sjálfsögðu misjafnir, og einkum mismunandi vel við okkar hæfi.

Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði fyrir ríkið, er heitið geti, af þessari fræðslustarfsemi. Nemendurnir verða ráðnir til starfs og náms í hinum ýmsu lyfjabúðum, líkt og hjúkrunarnemar á sjúkrahúsum. Að sjálfsögðu verður enginn lyfsali skyldur til að taka nemanda fram yfir það, sem hann kys sjálfur, en á hinu verður ekki talin hætta, að ekki takist yfirleitt samningar við lyfsalana um hæfilega marga nemendur, þar sem það á að geta samrýmzt hagsmunum þeirra að fá á þennan hátt vinnuafll með sæmilega hagkvæmum kjörum, jafnframt því sem það er í þeirra þágu, að aldir verði upp hæfilega margir kunnáttumenn, þeim til nauðsynlegrar aðstoðar og síðan til að taka við af þeim. Ætlazt er til, að skólanefndin starfi kauplaust, og verður þá ekki um að ræða annan kostnað fyrir ríkið, að óbreyttri skipun námsins, en ef til vill lítills háttar kostnað við ritföng og eyðublöð (prófskírteini) og prófdómaragjöld. Þá kann að þurfa að taka eitthvert lítills háttar tillit til þess, er launakjör kennarans í lyfjafræði við háskólann eru ákveðin, að honum er ætlað að hafa forstöðu skólans, en að svo miklu leyti, sem hann kann að annast kennslu við hann, á ríkissjóður ekki að bera þann kostnað.

Það þykir gefa sérstakt tilefni til að hraða þessari lagasetningu, að á því er farið að bera, að einstakir lyfsalar ráði til sín úr hófi marga nemendur án þess að skipa lyfjabúð sína svo mörgum fulllærðum lyfjasveinum, að það tryggji nægilegt eftirlit með nemendunum og námi þeirra.

Frumvarpið hefir fyrir löngu verið sent til umsagnar Lyfsalafélagi Íslands og Lyffræðingafélagi Íslands. Umsagnir hafa ekki borizt, en mér hefir skilizt, að félögin muni ekki hreyfa ágreiningi, er verulegu máli skipti. Kennarinn í lyfjafræði við háskólann er frumvarpinu samþykkur.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessari fræðslustarfsemi er gefið skólanafn, þó að það eigi ef til vill tæplega rétt á sér, en svipað má segja t. d. um hjúkrunarkvænnaskóla Íslands.

Um 2. gr.

Lyfsalar og lyfjafræðingar munu kjósa að fá að skipa sinn manninn hvor í skólanefndina, en á það verður tæplega fallizt, að þessir aðilar eigi meiri hluta í

nefndinni, eftir að hið opinbera hefir tekið að sér yfirlit og eftirlit með þessari fræðslustarfsemi.

Um 3. gr.

Eðlilegt virðist, að forstaða skólans, sem fyrst um sinn mundi aðallega verða fólgin í eftirliti með starfsemi hans, sé í höndum kennarans í lyfjafræði við háskólann. Ef til vill færi vel á, að hann hefði jafnframt á hendi eitthvert kennslustarf við skólann, eftir því sem semst við lyfsalana.

Um 4. gr.

Þessi grein markar starfssvið stofnunarinnar, sem að öðru leyti verða gerð nánari skil í ýtarlegri reglugerð.

Um 5. gr.

Hér eru greind réttindi þeirra, sem lokið hafa námi við skólann, eða tilsvarandi námi, og þarfnast þau ákvæði tæplega skýringar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.